



Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi

Lokaskýrsla



EUROPEAN AGENCY
for Special Needs and Inclusive Education



AÐGERÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR BROTTVARFI

Lokaskýrsla





Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnarstofnun. Miðstöðin er sameiginlega fjármögnuð af menntamálaráðuneytum í aðildarlöndunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með rekstrarstyrk innan Erasmus+ menntunaráætlunar Evrópusambandsins (ESB) (2014-2020).



Sameiginlega fjármagnað af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins

Stuðningur framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við framleiðslu þessarar útgáfu felur ekki í sér stuðning við innihaldið, sem endurspeglar eingöngu skoðanir höfundanna, og framkvæmdastjórnin ber enga ábyrgð á notkun þeirra upplýsinga sem koma hér fram.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

Ritstjóri: Anthoula Kefallinou

Útdráttur úr skjalinu er eingöngu leyfður ef skýrlega er vísað til heimildarinnar. Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2020. *Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Lokaskýrsla.* (A. Kefallinou, ritst.). Odense, Danmörk

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði stofnunarinnar: www.european-agency.org

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7110-892-7 (Rafræn útgáfa)

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2020

Aðalskrifstofa
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel
Rue Montoyer, 21
BE-1000 Brussels Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
HUGTAKARAMMI VERKEFNISINS	6
Skilgreining á brotthvarfi úr skóla	6
Kerfisnálgun við aðgerðir til að draga úr brotthvarfi	7
NIÐURSTÖÐUR ÚR GÖGNUM TENGDUM RANNSÓKNINNI	10
NIÐURSTÖÐUR ÚR STEFNUMFJÖLLUN	13
LYKILSTEFNUMÓTUN TIL AÐ DRAGA ÚR BROTTVARFI	15
AFRAKSTUR VERKEFNISINS	17
HEIMILDIR	18







INNGANGUR

Uppbygging á hæfni skóla í baráttu gegn brotthvarfi úr skóla er knýjandi fyrir námskerfi menntunar fyrir alla. Á undanförunum árum hafa aðildarlönd Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir (miðstöðin) forgangsraðað aðgerðum til að draga úr brotthvarfi. Í landskönnun frá árinu 2015 kölluðu fulltrúar í nefnd Evrópumíðstöðvarinnar eftir verkefni sem legði áherslu á brotthvarf úr skóla og menntun fyrir alla. Miðstöðin efndi til þemaverkefnis sem fékk titilinn **Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Rannsókn á áhrifum stefnu um menntun fyrir alla á skólakerfið og nemendur** (Preventing School Failure/PSF). Þetta verkefni byggði á fyrirliggjandi vinnu miðstöðvarinnar við áskoranir sem tengjast brotthvarfi úr skóla.

Verkefnið veitir alhliða yfirsýn yfir fyrirliggjandi umfjöllun aðildarlanda um stefnu og rannsóknir sem tengjast aðgerðum til að draga úr brotthvarfi. Það miðar að því að undirstrika þá þætti stefnu um menntun fyrir alla sem geta hjálpað til við að draga úr brotthvarfi og bæta hæfni skólakerfa til að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda.

Verkefnið var unnið á árunum 2018 til 2019. Rannsakað var hvort stefnur um menntun fyrir alla geti dregið úr brotthvarfi – bæði í tengslum við einstaklinga og kerfið í heild sinni. Eftirfarandi lykilsurningar voru settar fram í framkvæmd verkefnisins:

1. Hvað kemur fram í fræðilegum rannsóknum um sambandið á milli aðgerða til að draga úr brotthvarfi og námskerfa um menntun fyrir alla?
2. Hvaða skilningur kemur fram í stefnum aðildarlanda miðstöðvarinnar á menntun fyrir alla og hvernig takast þær á við aðgerðir til að draga úr brotthvarfi í tengslum við kerfislægar áskoranir og nemendur?
3. Hvaða þættir og rammar stefnu um menntun fyrir alla virðast vera nauðsynlegir fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi?

Verkefnisteymið vann úr rannsóknum eftir tveimur samhliða aðgerðapráðum til að svara þessum spurningum. Fyrri þráðurinn fjallaði um endurskoðun og greiningu á evrópskum og alþjóðlegum rannsóknargögnum um aðgerðir til að draga úr brotthvarfi í tengslum við menntun fyrir alla. Seinni þráðurinn fjallaði um greiningu á evrópskum og alþjóðlegum stefnugögnum. Einnig voru rannsókuð fyrirliggjandi stefnumið landa fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Það fól í sér söfnun upplýsinga frá aðildarlöndum miðstöðvarinnar í gegnum landskönnun verkefnisins, í viðleitni til að greina stefnunálganir þeirra við að takast á við brotthvarf úr skóla. Fjórtán lönd lögðu fram skýrslur til greiningar: Bretland (Norður-Írland), Bretland (Skotland), Eistland, Finnland, Grikkland, Írland, Ísland, Lettland, Malta, Serbía, Slóvakía, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland.



Lögð var áhersla á menntun frá upphafi grunnskólastigs til loka framhaldsskólamenntunar, þ.e. **Alþjóðlegu menntunarflokkunina** stig 1–3 og er sjónum beint að helstu stefnumótandi aðilum í menntun fyrir alla á lands-, svæðis- og staðbundna vísu.

HUGTAKARAMMI VERKEFNISINS

Skilgreining á brotthvarfi úr skóla

Þar sem brotthvarf úr skóla er flókið viðfangsefni er mikilvægt að skýra og skilgreina hugtakið í samhengi við verkefnið.

Samkvæmt **Fræðilegri umfjöllun um PSF** (Evrópumiðstöðin, 2019a) hafa niðurstöður rannsókna á brotthvarfi úr skóla lagt áherslu á tvö megin sjónarhorn: sjónarhorn einstaklinga (hvernig einstaklingar ná ekki árangri innan skólakerfisins) og skipulagslegt sjónarhorn (hvernig skólakerfið nær ekki árangri í tengslum við einstaka nemendur).

Í stefnumótandi gögnum er oft minnst á mikilvægi sjónarhorns stofnana á aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Hins vegar er það ekki eins áberandi í alþjóðlegum og evrópskum stefnumótandi skjölum sem fjalla um brotthvarf úr skóla (sjá Evrópumiðstöðin, 2016; 2017a; Framkvæmdastjórn ESB, 2015) eða skilvirkni og umbætur í skólum (sjá Framkvæmdastjórn ESB, 2017).

Þegar ofangreint er tekið með í reikninginn skilgreinir PSF-verkefnið brotthvarf úr skóla á eftirfarandi hátt:

Brotthvarf úr skóla verður þegar skólum eða námskerfi tekst ekki að veita sanngjarna menntun fyrir alla sem leiðir til árangursríks náms, þátttöku, víðtækari þátttöku í samfélaginu og tilfærslu í átt að stöðugleika á fullorðinsárum (Evrópumiðstöðin, 2019b, bls. 22).

Þannig felast aðgerðir til að draga úr brotthvarfi í því að þróa menntun fyrir alla þar sem allir nemendur – þar með talið þeir sem eru í brotthvarfshættu og viðkvæmastir fyrir útilokun – fá hágæðamenntun. Þetta leiðir til aukins árangurs og möguleika á að ljúka skyldumenntun. Það gengur einnig lengra en skipulagning á skólum og miðar að því að takast á við ójöfnuð til að tryggja víðtækari samfélagsþátttöku og tilfærslu í átt að stöðugleika á fullorðinsárum (Evrópumiðstöðin, 2019b).



Kerfisnálgun við aðgerðir til að draga úr brotthvarfi

Í hugtakaramma verkefnisins er lögð áhersla á kerfislegt sjónarhorn sem styður við **mannréttindanálgun**. Samkvæmt þessu ættu námskerfi að gera skólum kleift að styðja við réttinn til hágæðamenntunar fyrir alla nemendur.

Þetta felur í sér að:

... hverfa frá áherslu á stuðning við einstaklinga og úrbætur þeim til handa (þ.e. byggt á læknisfræðilegri greiningu eða stimplum), til aukinna ráðstafana til forvarna og fyrirbyggjandi aðgerða í kennslu og námi (Evrópumiðstöðin, 2017b, bls. 19).

Í þessari nálgun er leitast við að mæta þörfum allra nemenda. Hún miðar að því að greina og vinna bug á hindrunum innan stofnana á öllum stigum sem kunna að valda brotthvarfi úr skóla og stuðla að kerfi sem tryggir bæði jafnræði og góða frammistöðu.


Menntunarkerfi fyrir alla eru studd á sem skilvirkastan hátt með stefnumótun sem leggur áherslu á forvarnir, frekar en inngríp og úrbætur. PSF-verkefnið leiðir í ljós að úrbótaaðgerðir kunna að vera nauðsynlegar fyrir suma nemendur og því notaðar þar sem við á. Hins vegar ættu stefnumótandi aðgerðir og ráðstafanir til úrbóta að vera síðasta úrræðið. Löndin ættu að forgangsraða aðferðum til forvarna.

Hægt er að draga úr brotthvarfi með samsetningu af stefnum á lands-, svæðis- og staðarvísu, skipulagi á skólum, og með því hafa skilning á og bregðast við einstaklingsbundnum aðstæðum. Fræðileg umfjöllun um PSF gerir grein fyrir hugtakakerfi fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi sem felur í sér þessa þætti og byggir á fyrri vinnu miðstöðvarinnar á brotthvarfi (Evrópumiðstöðin, 2016; 2017a). Samkvæmt þessu líkani geta **ytri þættir sem eru í höndum stefnumótandi aðila og sérfræðinga á sviði kennslu (forvarnaaðferðir og inngríp) haft áhrif á röð þátta í lífi nemandans (áhætta og verndandi þættir).**

Líkanið lýsir hvernig ýmsir þættir færa nemandann frá því að ljúka framhaldsskóla-menntun, frá auknum árangri og stöðugleika á fullorðinsárum, til óæskilegrar niðurstöðu með brotthvarfi úr skóla. Þessi atriði eru samverkandi þættir milli samfélagsins, skóla og einstaklings (Evrópumiðstöðin, 2019a). Í þessu líkani er vistkerfið, þar sem þessir þættir verka saman, mikilvægt (Bronfenbrenner, 2005).



Í PSF-verkefninu er lögð áhersla á vistkerfissjónarhornið til að finna kerfislægar nálganir við brotthvarf úr skóla og að draga úr brotthvarfi í samhengi við **Vistkerfislíkan menntunar fyrir alla**. Það byggir á og kemur til viðbótar verkefnum miðstöðvarinnar, eins og **Menntun ungra barna án aðgreiningar, Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar** og **Stuðningur við forystu í skóla fyrir alla**. Vistkerfisramminn er ætlaður til að aðstoða við að greina lykilatriði á staðar-, svæðis- og/eða landsvísu.



Mynd 1. Samsett greiningarlíkan vistkerfis- og áhrifaþátta sem hafa áhrif á brotthvarf úr skóla (aðlagð frá Evrópumíðstöðinni, 2017a)



Vistkerfislíkanið samanstendur af eftirfarandi innbyrðis tengdum kerfum:

- **Nærkerfið (microsystem)** inniheldur ferli í samskiptum skóla og nemenda við jafningja og fullorðna. Í samhengi við þetta verkefni skoðar nærkerfið heildræna nálgun í skólastarfi og einstaklingsmiðaðar aðferðir sem geta aukið mætingu og þátttöku í skóla.
- **Miðkerfið (mesosystem)** endurspeglar ýmsar tengingar milli nærkerfanna sem hafa áhrif á skólaskipulag og -kerfi. Í þessu verkefni nær miðkerfið yfir samskipti í skóla sem geta hjálpað til við að takast á við brotthvarf úr skóla.
- **Stofnanakerfið (exosystem)** nær yfir félagslegt umhverfi, sem kann að hafa áhrif á önnur stig. Í þessu verkefni leggur stofnanakerfið áherslu á staðbundnar samfélagsaðgerðir sem geta átt þátt í aðgerðum til að draga úr brotthvarfi.
- **Heildarkerfið (macrosystem)** sýnir hið víðara félagslega, menningarlega og lagalega samhengi sem nær yfir öll önnur kerfi. Í þessu verkefni felur heildarkerfið í sér aðgerðir á lands-/svæðisvísi til að draga úr brotthvarfi og vinnur gegn aðgreiningu.





Hinir ólíku kerfisþættir og sambönd milli þeirra hafa áhrif á hæfni skólans til að samþykkja og bjóða alla nemendur velkomna. Ef skólakerfi getur ekki veitt réttlát tækifæri fyrir alla nemendur til að ljúka skóla með góðum árangri og undirbúa sig fyrir fullorðinsárin má segja að það sé að „bregðast“.

Vistkerfislíkanið leggur áherslu á innbyrðis tengsl og víxl tengsl milli kerfisstiga. Þannig verður öll viðleitni til að breyta einum þætti kerfis að taka tillit til áhrifa á hina þættina (Evrópumiðstöðin, 2019a).

Líkanið dregur fram þætti sem sýna samspil umhverfis og einstaklings. Þannig er sjónum beint frá því að einblína á einstakling og umhverfi sem sinn hvorn orsakabáttinn í umhverfi menntunar fyrir alla. Sérhver þáttur er ávallt tengdur við námsvistkerfi nemanda. Nemandinn er miðpunkturinn og með þeim hætti styður vistkerfislíkanið mannréttindanálgunina (sama tilvísun).

NIÐURSTÖÐUR ÚR GÖGNUM TENGDU RANNSÓKNINI

Í fyrri þræðinum var röð þátta í lífi nemandans (áhætta og verndandi þættir) í evrópskum og alþjóðlegum rannsóknargögnum, um aðgerðir til að draga úr brotthvarfi, skoðuð og greind í tengslum við menntun fyrir alla. **Fræðileg umfjöllun um PSF** greinir frá rannsókn þar sem beitt var ýmsum aðferðum til að skilja og finna lausnir við brotthvarfi úr skóla. Skilgreiningar á brotthvarfi úr skóla í fræðilegri umfjöllun leggja áherslu á einstaka nemendur frekar en á framfarir í skólastarfi. Þessar skilgreiningar falla undir þrjú meginþemu:

- Brotthvarf
- Slakan árangur í bóklegum greinum
- Vanhæfni til að taka fullan þátt í samfélaginu eða lítil velferð á fullorðinsárum (Evrópumiðstöðin, 2019a).

Fræðilega umfjöllunin lýsir þeim flóknu þáttum sem geta leitt til brotthvarfs úr skóla. Hún gerir einnig grein fyrir þeim skrefum sem hægt er að taka til að draga úr brotthvarfi á hverju stigi vistkerfis. Hvert þema einkennist af mengi af áhættu, verndandi þáttum, forvarnaaðgerðum og inngripum. Þessir þættir færa einstaklinginn frá árangri til brotthvarfs úr skóla.

Þeir þættir sem tengjast brotthvarfi úr skóla og árangri birtast í samfélaginu í gegnum landsbundnar stefnur og í staðbundnu samhengi. Þeir koma fram á hverju skólastigi í



gegnum skipulag skóla og sveigjanleika til að bregðast við þörfum einstaka nemanda. Þeir koma einnig fram á fjölskyldu- og einstaklingsstigi, ná yfir innri persónulega þætti (t.d. hvata, líkamlega þætti, skynjunar- og erfðafræðilega þætti, hugræna og málvísindalega þætti) og ytri persónulega þætti (t.d. fjölskylduþarfir, stuðning í boði, félagslega færni og tækifæri).

Hægt er að nota ýmsar aðferðir til að draga úr áhættu og hindra að vandamál komi upp og til að snúa við eða minnka líkur á brotthvarfi úr skóla. Í umfjölluninni eru lagðar til eftirfarandi aðgerðir á hverju kerfisstigi:

Á lands-, þjóðfélags- og samfélagsstiginu (heildarkerfið og stofnanakerfið) er þörf á að:

- taka á félagslegum ójöfnuði,
- stuðla að jafnræði,
- takast á við fátækt,
- bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu og meðferðarinnngripum fyrir nemendur og kennara,
- auka framboð á félagslegri stuðningsþjónustu,
- þróa meðferðaráætlanir við eiturlyfja- og áfengisneyslu, sem hjálpa einnig fjölskyldum.

Þess vegna skipta stefnur á lands-, svæðis- og heimsvísu sem hafa áhrif á heilsugæslu, atvinnu, húsnæði og félagslega velferð, allar máli í þessari umræðu.

Á skólastiginu (miðkerfið og nærkerfið) geta verið talsverðar hindranir við nám og þátttöku. Skólar þurfa að skapa umhverfi þar sem nemendum finnst þeir vera öruggir, þar sem virðing er borin fyrir þeim og foreldrar taka þátt. Á heildina litið benda rannsóknir til þess að áhrif foreldra og fjölskyldu verði að koma til viðbótar sameiginlegum aðgerðum. Skólar þurfa að leita leiða til að gera foreldrum kleift að taka þátt í menntun barna sinna, þróa þjónustu til að bæta foreldrahæfni, takast á við kynslóðabundnar breytingar hjá innflytjendahópum sem kunna að hafa áhrif á hvatningu og þátttöku, og aðstoða jaðarsettar fjölskyldur.

Skólar og nemendur geta einnig gripið til aðgerða til að styðja syrgjandi nemendur, kynna hvetjandi starfsumhverfi fyrir nemendum og viðhalda gæðum skólabygginga. Í fræðilegu umfjölluninni er lögð áhersla á mikilvægi sambands á milli kennara og nemenda, jákvæða tilfinningu kennara fyrir nemendum, að forðast skammir sem kennsluáferð og nota sanngjarnar agastefnur. Í umfjöllun um rannsóknina er einnig stungið upp á aðferðum til



að hafa eftirlit með framförum nemenda. Þegar kemur að því að tryggja áhugahvöt nemenda er mikilvægt að kennarar hvetji til uppbyggilegs hugarfars meðal nemenda og skilnings á að einstaka aðstæður geta kallað á viðbótarstuðning.

Á einstaklingsstiginu (nærkerfið) þarf að taka tillit til margra undirþátta. Nemendur kunna að hafa sérkennsluþarfir eða fötlun, litla getu í bóklegum greinum, litlar væntingar og litla sjálfspekkingu. Þeir kunna að líta svo á að námið hafi litla þýðingu í lífi þeirra. Sérstakar áskoranir felast einnig í missi foreldris, áhættuhegðun (eins og eiturfjafa- eða áfengisnotkun), sögu um reynslu af fóstur- eða umönnunarkerfi og meðgöngu á unglingsaldri.

Skólar og samfélög geta dregið úr áskorunum með því að:

- stuðla að samvinnu á milli stofnana og skóla og þróunar á þjónustu, eins og aðstöðu til umönnunar barna í skólum, talþjálfunar, ráðgjafar og geðheilbrigðisþjónustu,
- leggja áherslu á mat á námi sem byggir á hæfni og vaxandi kröfum,
- þróa námskrá sem er viðeigandi fyrir áhugasvið nemenda, metnað og þarfir, með áherslu á námshæfni og sjálfstætt nám,
- styðja við áhugahvöt nemenda með því að hafa nærsamfélagið með í ráðum og stuðla að seiglu einstaklinga,
- styrkja einstaklingsbundna nálgun, sérstaklega fyrir nemendur með sérstakar þarfir,
- bregðast snemma við litlum framförum í bóklegu námi og veita stuðning þegar hans er þörf,
- forðast að nemendur þurfi að endurtaka námsár.

Að lokum er nauðsynlegt að endurskoða reglulega skilvirkni aðferða til að draga úr brotthvarfi úr skóla. Forvarnir þurfa að koma í stað áherslu á inngríp. Hins vegar geta frekari inngríp tekið á öllum áskorunum sem upp koma.

Á heildina litið sýnir fræðilega umfjöllunin að hægt er að skipuleggja skólakerfi á skilvirkan hátt til að mæta fjölbreytilegum þörfum nemenda og draga úr brotthvarfi. Fræðileg umfjöllun um PSF bendir á **altæka hönnun** til að hjálpa til við að koma í veg fyrir aðgreiningu og stuðla að árangri allra nemenda (Evrópumiðstöðin, 2019a).



NIÐURSTÖÐUR ÚR STEFNUMUMFJÖLLUN

Í seinni þræði verkefnisaðgerða voru greindar fyrirbyggjandi ráðstafanir landsstefnu fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Umfjöllun um stefnuna sýnir að Evrópulönd hafa skuldbundið sig til að þróa réttláta menntun fyrir alla. Hins vegar eru töluverðar **áhyggjur á alþjóðlega vísu af slökum árangri í bóklegum greinum meðal tiltekinnna hópa nemenda**. Einnig birtast áhyggjur af víðtækara vandamáli sem brotthvarf úr skóla er, frá kerfislægu sjónarhorni.

Skólakerfi aðildarlanda hafa þróað ólík stefnumótandi viðbrögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda, bæta einkunnir nemenda og draga úr brotthvarfi. Í samantektarskýrslu PSF-verkefnisins voru greindar viðeigandi stefnur og ráðstafanir í skólakerfum þeirra 14 landa sem tóku þátt í landskönnun PSF-verkefnisins (Evrópumiðstöðin, 2019b).





Greiningin sýndi að landsstefnur nota ekki hugtakið brotthvarf með beinum hætti heldur er merking þess gefin í skyn. Í stað þess að tengja brotthvarf úr skóla við einstaklinga gefa sum lönd innsýn í hvernig **hægt sé að sjá framfarir í aðgerðum til að draga úr brotthvarfi frá jákvæðu kerfissjónarhorni, með því að stuðla að árangri í skóla.**

Greiningin sýndi einnig að næstum öll aðildarlöndin hafa þróað viðeigandi stefnumótandi ramma. Hins vegar er mikill munur á stefnumarkmiðum þeirra. Sum lönd leggja áherslu á ákveðnar ráðstafanir sem er beint að einstaklingnum. Önnur vísa til alhliða ráðstafana sem er ætlað að taka til alls skólans eða alls skólakerfisins.

Þrátt fyrir ýmsar skilgreiningar og nálganir við brotthvarf úr skóla fela algeng mynstur í landsstefnum í sér að:

- auka þátttöku og draga úr brotthvarfi,
- taka á litlum árangri í bóklegum greinum,
- stuðla að heildrænni skólaþróun við kennslu og nám.

Stefnumótandi forgangsmál sem aðildarlönd nefna eru meðal annars að finna og styðja nemendur sem eru „í áhættu“, auka árangur á tilteknum svæðum, minnka líkur á ólíkum árangri milli svæða og þróa námskrá, námsmat og kennsluhætti.

Upplýsingar úr landskönnun verkefnisins veittu einnig innsýn í helstu áskoranir sem lönd standa frammi fyrir við aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Þessar áskoranir eru að:

- innleiða stefnu um menntun fyrir alla á skilvirkan hátt,
- byggja upp hæfni kennara,
- bæta gæði stuðnings,
- þróa skilvirkari stjórnunar-, fjármögnunar- og eftirlitskerfi.

Á heildina litið bendir stefnuumfjöllunin á þörfina fyrir að nota margvíslegar aðferðir og yfirvegaða nálgun til að takast á við brotthvarf úr skóla. Niðurstöður verkefnisins staðfesta nálganir landanna um að í stað þess að vega upp á móti slökum árangri í bóklegum greinum ætti námskerfi fyrir alla að byggja upp hæfni skóla og bæta árangur allra nemenda. **Til að ná þessu markmiði þurfa landsstefnur, ráðstafanir og aðferðir að styðjast við kerfisbundna, heildræna nálgun í skólasterfi. Um leið verða þær að vera einstaklingsmiðaðar og leggja áherslu á einstaklinga í áhættu.**



LYKILSTEFNUMÓTUN TIL AÐ DRAGA ÚR BROTTVARFI

Þegar niðurstöður úr fræðilegri umfjöllun um rannsóknir og stefnur eru teknar saman hefur PSF-verkefnið dregið fram þá þætti í stefnu um menntun fyrir alla sem geta tryggt að skólar mæti nemendum af meira jafnræði. Verkefnið notar vistkerfislíkanið við uppbyggingu á alhliða stefnuramma fyrir aðgerðir til að draga úr brottvarfi. Það felur í sér ýmsa stefnumótun um menntun fyrir alla sem getur hjálpað löndum að taka framförum við aðgerðir til að draga úr brottvarfi.

Lykilstefnumótun er flokkuð í fjögur vistkerfisstig: lands-/svæðisstig, samfélagsstig, skólastig og einstaklingsstig.

Stefnumótun á lands-/svæðisstiginu (heildarkerfið) felur í sér að:

- draga úr félagslegum ójöfnuði, stuðla að jafnræði og takast á við fátækt,
- styðja þverfaglega samvinnu á milli ráðuneyta menntamála, heilbrigðismála, félagsmála, húsnæðis- og atvinnumála,
- bæta aðgengi að og mætingu í skóla.

Stefnumótun á samfélagsstiginu (stofnanakerfið og miðkerfið) felur í sér að:

- auka aðgang að og framboð á samfélagslegri stuðningsþjónustu,
- stuðla að samstarfi á milli stofnana/þjónustu og skóla,
- eiga þýðingarmikil samskipti við fjölskyldur.

Stefnumótun á skólastigi (miðkerfið og nærkerfið) felur í sér að:

- þróa forystu í skóla fyrir alla,
- útvíkka námskrá, námsmat og kennsluþjónustu,
- veita stuðning og sveigjanleg námsferli til starfsþátttöku,
- styðja við heilbrigði og velferð nemenda.

Stefnumótun á einstaklingsstigi (nærkerfið) felur í sér að:

- styrkja einstaklingsbundnar nálganir,
- taka á litlum árangri í bóklegum greinum eins fljótt og hægt er,
- draga úr hættunni á að þurfa að endurtaka námsár.



Þessi rammi fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi sameinar og kemur til viðbótar Evrópusambands- og alþjóðlegum römmum til að bæta gæði menntunar fyrir alla nemendur. Hann getur þjónað sem upphafsreitir fyrir umræður á lands-/svæðis- og staðarvísu um hvernig menntastefna getur hjálpað til við að draga úr brotthvarfi. Líta má á sérhvert stefnusvæði sem **hugsanlegt þjóðarmarkmið fyrir aðgerðir**. Þar af leiðir að ramminn getur verið grundvöllur til að umbreyta stefnuáherslum í vísbenda og/eða bæta við landsstaðla fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi.

Að lokum geta aðildarlöndin vísað í þennan ramma **við eftirlit með framförum við aðgerðir til að draga úr brotthvarf**. Hann getur auðveldað nám meðal jafningja og þekkingarmiðlun um hvernig skuli skoða þessi stefnusvæði í samhengi, (endur-) úthluta fjárveitingum og þróa samvinnu á milli staðbundinna og kerfislægra hagsmunaaðila.

Á heildina litið benda niðurstöður PSF-verkefnisins til þess að hægt sé að skipuleggja hágæðamenntun fyrir alla til að mæta ólíkum námsþörfum nemenda á skilvirkan hátt og





til að draga úr brotthvarfi. Alhliða stefnur sem leggja áherslu á jafnræði og draga úr aðgreiningu geta bætt almenna skilvirkni menntakerfa og árangur einstakra nemenda. Með öðrum orðum getur áhersla á að draga úr aðgreiningu í menntakerfum leitt til árangurs fyrir alla nemendur.

AFRAKSTUR VERKEFNISINS

Í fjórum neðangreindum skýrslum má finna afrakstur verkefnaþráðanna tveggja.

Fræðileg umfjöllun um PSF (Evrópumiðstöðin, 2019a) er niðurstaðan úr fyrri þræðinum af aðgerðum verkefnisins. Hún gefur yfirlit yfir evrópskar og alþjóðlegar rannsóknir á hindrun brotthvarfs í tengslum við menntun fyrir alla. Umfjöllunin undirstrikar einnig lykilhugtök og -þemu sem liggja til grundvallar stefnu og framkvæmd fyrir aðgerðir til að draga úr brotthvarfi. Niðurstöður hennar studdu við seinni þráð verkefnisins og þróun á samantektarskýrslu verkefnisins.

Þemagreining á landsupplýsingum dregur saman þær stefnuupplýsingar sem voru veittar af þeim 14 löndum sem tóku þátt í landskönnun verkefnisins. Greiningin er sett fram í þematöflum, sem studdu einnig við samantektarskýrslu verkefnisins. Greiningin kemur heim og saman við aðrar heimildir sem lýsa landsbundnum skóla- og menntakerfum, eins og verkefnið **Mat og greining á stefnu einstakra landa**, og úttektir miðstöðvarinnar á **Möltu og Íslandi**.

Samantektarskýrsla PSF-verkefnisins (Evrópumiðstöðin, 2019b) sameinar upplýsingar úr þessum tveimur þráðum verkefnisins og gefur almennar niðurstöður verkefnisins. Hún inniheldur upplýsingar um alþjóðlegt og evrópskt stefnusamhengi, niðurstöður fræðilegrar umfjöllunar og niðurstöður greininga á landsupplýsingum. Skýrslan gefur yfirlit yfir áskorunina sem brotthvarf úr skóla er með því að greina lykilstefnur og -ráðstafanir sem menntayfirvöld í hverju landi standa að. Að lokum undirstrikar hún þá eiginleika ramma um menntun fyrir alla sem auðvelda framfarir í átt til aðgerða til að draga úr brotthvarfi.

Lokaskýrsla um PSF dregur saman helstu niðurstöður verkefnisins.

Hægt er að nálgast niðurstöðurnar á **vefsvæði PSF-verkefnisins** (www.european-agency.org/projects/PSF).



HEIMILDIR

Bronfenbrenner, U., 2005. 'The Bioecological Theory of Human Development', [Lífvistfræðileg kenning um þróun mannsins] í U. Bronfenbrenner (ritst.), *Making Human Beings Human: Bioecological Perspectives on Human Development* [Það sem gerir manninn mannlegan: Lífvistfræðileg innsýn í þróun mannsins]. Thousand Oaks, CA: Sage

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2016. *Early School Leaving and Learners with Disabilities and/or Special Educational Needs: A Review of the Research Evidence Focusing on Europe* [Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir: Umfjöllun um rannsóknargögn með áherslu á Evrópu]. (A. Dyson og G. Squires, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/early-school-leaving-and-learners-disabilities-andor-special-educational-0 (Síðast sótt í nóvember 2019)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017a. *Early School Leaving and Learners with Disabilities and/or Special Educational Needs: To what extent is research reflected in European Union policies?* [Brotthvarf úr skólum og nemendur með fötlun og/eða sérkennsluþarfir: Að hvaða marki endurspeglast rannsóknir í stefnumótun Evrópusambandsins?]. (G. Squires og A. Dyson, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/early-school-leaving-and-learners-disabilities-andor-special-educational (Síðast sótt í nóvember 2019)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2017b. *Raising the Achievement of All Learners in Inclusive Education: Lessons from European Policy and Practice* [Aukinn árangur allra nemenda í námi án aðgreiningar: Lærdómur af stefnu og framkvæmd innan Evrópu]. (A. Kefallinou og V.J. Donnelly, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/raising-achievement-all-learners-project-overview (Síðast sótt í nóvember 2019)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019a. *Preventing School Failure: A Review of the Literature* [Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Umfjöllun um fræðigreinar]. (G. Squires og A. Kefallinou, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/preventing-school-failure-literature-review (Síðast sótt í febrúar 2020)

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2019b. *Preventing School Failure: Examining the Potential of Inclusive Education Policies at System and Individual Levels* [Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi: Rannsókn á áhrifum stefnu um menntun fyrir alla á skólakerfið og nemendur]. (A. Kefallinou, ritst.). Odense, Danmörku. www.european-agency.org/resources/publications/preventing-school-failure-synthesis-report (Síðast sótt í febrúar 2020)



Framkvæmdastjórn ESB, 2015. *Education & Training 2020. Schools policy: A whole school approach to tackling early school leaving [Menntun og starfsnám 2020. Skólastefna: Heildræn skólanálgun við að takast á við brotthvarf]*. ec.europa.eu/assets/eac/education/experts-groups/2014-2015/school/early-leaving-policy_en.pdf (Síðast sótt í október 2019)

Framkvæmdastjórn ESB, 2017. *School development and excellent teaching for a great start in life [Skólaþróun og framúrskarandi kennsla fyrir frábær fyrstu skrefin í lífinu]*. Orðsending frá framkvæmdastjórn til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar. COM/2017/0248 final. eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1496304694958&uri=COM:2017:248:FIN (Síðast sótt í apríl 2019)




Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33
DK-5000
Odense C
Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21
BE-1000
Brussels
Belgium
Sími: +32 2 213 62 80
brussels.office@european-agency.org



www.european-agency.org